



Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Aðild að sáttmála og samningum um vefnaðarvöruframleiðslu í láglaunalöndum

Með tilvísun til 45. og 56. greinar í Helsingfors-samningnum hefur Norðurlandaráð þann 23. september 2014 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu borgara- og neytendanefndar.

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að þær beiti sér fyrir því að norræn vörumerki og fyrirtæki sem standa að framleiðslu í Bangladess undirriti samninginn „Accord on Fire and Building Safety in Bangladesh“ um öryggismál;

að þær minni norræna vefnaðarvöruframleiðendur á samþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) nr. 138 og 182 um barnavinnu; nr. 29 og 105 um bann við nauðungar- og refsivinnu; nr. 100 og 111 um mismunun og nr. 87 og 98 um félagafrelsi og réttinn til að stofna félög og tryggja að samþykktirnar verði samþættar stefnu, gildismati og áætlunum fyrirtækjanna.

Tampere, 23. september 2014

Karin Åström

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Fylgiskjal: NEFNDARTILLAGA

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Nefndartillaga um norræna vefnaðarvöruframleiðendur í láglauanalöndum

1. Tillaga nefndarinnar

Borgara- og neytendanefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að vinna skriflega heildarskýrslu um hvernig löndin beita sér fyrir því að norrænir vefnaðarvöruframleiðendur í láglauanalöndum stuðli að bættum mannréttindum og réttindum starfsfólks;

að halda áfram að styðja að stofnað verði *Nordic Ethical Trading Framework* eins og *Dansk Initiativ for Etisk Handel* og *Initiativ for Etisk Handel Norge* leggja til;

ennfremur leggur Borgara- og neytendanefnd til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að þær beiti sér fyrir því að norræn vörumerki og fyrirtæki sem standa að framleiðslu í Bangladess undirriti samninginn „Accord on Fire and Building Safety in Bangladesh“ um öryggismál;

að þær minni norræna vefnaðarvöruframleiðendur á samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 138 og 182 um barnavinnu; nr. 29 og 105 um bann við nauðungar- og refsivinnu; nr. 100 og 111 um mismunun og nr. 87 og 98 um félagaþrengi og réttinn til að stofna félög og tryggja að samþykktirnar verði samþættar stefnu, gildismati og áætlunum fyrirtækjanna.

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Tilmæli 16/2014

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd
Fyrri málsnúmer:
Blaðsíða 2 af 8
Málsnúmer 13-00309-22

Fjallað um í:

2. Aðdragandi

Borgara- og neytendanefndin ræddi aðkomu norræna fyrirtækja að framleiðslu vefnaðarvöru í láglaunalöndum eftir að Rana Plaza-byggingin í Bangladess hrundi 24. apríl 2013 og 1.113 starfsmenn létu lífið. Harmleikurinn beindi kastljósinu að óásættanlegum launa- og starfskjörum starfsfólks í vefnaðariðnaði í láglaunalöndum.

Rana Plaza-byggingin hrundi vegna þess að eigendur hennar reistu ólöglega fjórar hæðir aukalega með þungum rafölum á efstu hæðunum, sem byggingin réð ekki við. Slysið er hið stærsta til þessa í Bangladess, þar sem meira en 1.700 starfsmenn í vefnaðariðnaði hafa misst lífið síðan árið 1990 vegna þess að verksmiðjur þeirra hafa annað hvort hrundi eða brunnið.

Í nóvember 2012 kviknaði í annarri verksmiðju sem hét *Tazreen*, bara fáeina kílómetra frá *Rana Plaza*-byggingunni. Eldur í fataefni breiddist hratt út og neyðarútgangarnir voru lokaðir. Eftir að eldurinn braust út á jarðhæð, læstu varðmenn verkamennina á efstu hæðunum inni og kröfðust þess að þeir héldu áfram að vinna. Margir létust þegar þeir í ofsahræðslu stukku út frá efstu hæðunum. 125 manns létu lífið.

Eftirspurn vefnaðariðnaðarins eftir ódýru vinnuafli við störf fyrir ófaglærða í verksmiðjum hefur þýtt að fataframleiðsla flyst stöðugt til landa eins og Bangladess, Kína, Kambódíu, Víetnams og Pakistan. Bangladess er næststærsti fataútflytjandi heims á eftir Kína og í þessum u.þ.b. 4.000 vefnaðarverksmiðjum starfa u.þ.b. 4 milljónir manna. Fataframleiðslan nemur u.þ.b. 85% af útflutningnum og verðmætið nemur meira en 18 milljörðum dollara á ári.

Krafan um lágan framleiðslukostnað hefur áhrif á launa- og starfskjör. Það á sér stað látlaus stéttabarátta í Bangladess til að hækka lágmarkslaun starfsfólks í vefnaðariðnaði. Þetta gerist samhliða því að Alþjóðavinnuáráðastofnunin reynir að framfylgja lögum sínum um kjör og aðbúnað barna í vefnaðarverksmiðjum, *Factories Act*, frá 1965, sem bannar vinnu barna yngri en 14 ára í verksmiðjum, sem einnig er ólögleg í Bangladess.

Hin óviðunandi starfsskilyrði í fataverksmiðjum láglaunalanda hafa valdið því að þróast hefur víðtæk alþjóðleg hreyfing sem berst fyrir sómasamlegum launa- og starfskjörum. Þessi hreyfing hefur þýtt að mörg lönd eiga í viðræðum við neytendasamtök og að fyrirtæki hafa mótað stefnu um félagslega ábyrgð fyrirtækja, sem einnig hlutast til um fleiri þætti í framleiðsluferlinu. Það er mikilvægt að Norðurlöndin fylgist með þróuninni og tryggi að hún sé í samræmi við reglur SP.

3. Álit nefndarinnar

Með hugtakinu „láglaunalönd“ vísar nefndin til landa þar sem launastig er lægra en á Vesturlöndum, þ.e.a.s. þar sem hagkvæmt er að hafa framleiðsluna til að ná fram ódýrum innflutningi.

Í láglaunalöndunum eru enn gerðar litlar kröfur um vinnuumhverfi, öryggi og umhverfi almennt séð og því eru miklar líkur á því að svipuð slys og urðu í *Rana Plaza*-byggingunni endurtaki sig. Borgara- og neytendanefnd telur að það sé fyrst og fremst á ábyrgð ríkjanna að tryggja að byggingareglugerðum sé fylgt, en að Norðurlönd og vestræn ríki deili ábyrgðinni, þegar eigendum fataverksmiðja í láglaunalöndum tekst ekki að tryggja grundvallarmannréttindi og vinnuréttindi starfsmanna sinna.

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Norðurlandaráð
A 1613/medborger

Tilmæli 16/2014

Borgara- og neytendanefnd
Fyrri málsnúmer:
Blaðsíða 3 af 8
Málsnúmer 13-00309-22

Fjallað um í:

Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð og þau fyrirtæki, sem láta framleiða fót í lágláunalöndum, þurfa því að gangast undir ábyrgð á því að bæta aðstæður í þeim verksmiðjum sem sauma fót þeirra. Þau þurfa þar með líka að sætta sig við að greiða hluta þess kostnaðar sem kann að hljóta af því að auka öryggið. Framkvæmdastjórn ESB gerir sér einnig ljóst að evrópsk fyrirtæki sem panta fót í Bangladess þurfa líka að beita þrýstingi og bera ábyrgð á sínum birgjum.

Í júní 2011 voru reglur SP um mannréttindi og viðskipti (*UN Guiding Principles for Business and Human Rights*) samþykktar. Reglurnar veita almenn viðmið um hvernig má taka á hugsanlegum neikvæðum áhrifum á mannréttindi sem viðskipti geta haft í för með sér. Þrjár súlur sýna grundvallarreglur um skyldu ríkisins til að vernda mannréttindi, ábyrgð fyrirtækja á að virða mannréttindi og möguleikann á bótum ef mannréttindi eru fótum troðin. Reglurnar eru alþjóðlegt viðmið um hvað félagsleg ábyrgð fyrirtækja nær yfir og eru viðurkenndar af OECD, ESB og Alþjóðabankanum.

Í kjölfar slyssins í *Rana Plaza* var í maí 2013 gerður öryggissamningurinn „*Accord on Fire and Building Safety in Bangladesh*“. Undirritunaraðilar voru meðal annars evrópsk fyrirtæki og nokkur stéttarfélög auk frjálsra félagasamtaka. Samningurinn er gerður af bandalagi stéttarfélaga frá Bangladess og alþjóðlegra stéttarfélaga með *IndustryALL* og *UNI Global Union* í fararbroddi. Alls hafa rúmlega 160 tiskufyrirtæki nú undirritað samninginn, þar á meðal H&M, Inditex og C&A og þessi sjö dönsku fyrirtæki: Bestseller, IC Companys, DK Company, Coop Danmark, Dansk Supermarked, PWT Group og Texman.

Öryggissamningurinn er lagalega bindandi og skuldbindur tiskufyrirtæki til að bæta eldvarnir og auka öryggi bygginga í hinum rúmlega 4.000 fataverksmiðjum í Bangladess. Samningurinn á að tryggja óháð byggingaeftirlit, birtingu niðurstaðna úr öryggiseftirliti, viðhaldsskyldu á byggingum til að koma í veg fyrir hættu og aðgang fyrir verkalýðsfélögin svo að þau geti kennt starfsmönnum um öryggismál og réttindi þeirra, þar á meðal réttinn til að neita að vinna hættulega vinnu. Það er mikilvægt skref í rétta átt að eins mörg vörumerki og fyrirtæki og kostur er undirriti samninginn. Í Kanada hefur þingið ráðlagt ríkisstjórninni að beina því til atvinnulífsins að fyrirtækin gerist aðilar að öryggissamningnum. Því fleiri fyrirtæki frá ólíkum löndum sem undirrita samninginn, þess meiri áhrif hefur hann og þá verður hann líka viðmið sem neytendur geta farið eftir.

Dagana 3. - 4. apríl árið 2014 var haldinn *leiðtogafundur* í Kaupmannahöfn um „*Fata- og vefnaðarvörufurframleiðslu í Bangladess, eftir Rana Plaza, sýn til framtíðar*“. Fundurinn var skipulagður af *Ethical Trading Initiative Norway*, *Danish Ethical Trading Initiative* og *Ethical Trading Initiative* (UK). Fyrirlesarar bentu á að margt hefur færst til betri vegar í Bangladess, en að enn sé mikið starf óunnið. Mikill fjöldi verkefna og ferla er í gangi til að bæta ástandið og á sama hátt og með umsagnirnar sem bárust nefndinni í tengslum við afgreiðslu þessa máls, var sett fram mjög skýrt að það er EKKI þörf á nýjum og fleiri verkefnum. Mikilvægast er hins vegar að styðja við núverandi verkefni og það hefur nefndin tekið til sín. Nefndin tekur sérstaklega eftir vinnunni með „samninginn“ sem mikilvægum þætti til að bæta aðstæður verkafólks í Bangladess. Helstu niðurstöður fundarins voru:

- Það er ekki neinn einn *hagsmunaaðili* sem ber ábyrgðina, allir aðilar bera hlutaábyrgð
- Ríkisstjórn Bangladess verður að skapa umgjörðina um sjálfbæran iðnað
- Ríkisstjórnir annarra ríkja verða að halda áfram að styðja Bangladess og einnig beita þrýstingi til að ná árangri

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Norðurlandaráð
A 1613/medborger

Tilmæli 16/2014

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd
Fyrri málsnúmer:
Blaðsíða 4 af 8
Málsnúmer 13-00309-22

Fjallað um í:

- Starfsgreinin verður að vinna að því að koma á góðri félagslegri umræðu
- „Merkin/Vörumerkin“ verða að endurskoða uppbyggingu starfsgreinarinnar og einblína ekki eingöngu á lækkun verðs heldur einnig krefjast góðra vinnuaðstæðna
- Verkamenn og vinnuveitendur verða að viðhalda (félagslegri) umræðu sem skapar traust og það verður að virkja þá í *aukinni færni* og menntun/þjálfun
- Neytendur verða að bera ábyrgð á þeim fatnaði sem þeir kaupa

Skipuleggjendur þessa fundar *hagsmunaaðila* voru dönsku og norsku „Etisk Handel“ verkefni, í samstarfi við hliðstætt breskt verkefni. Þessir tveir norrænu aðilar hafa einnig hrint öðru samstarfi í framkvæmd, þar sem þeir vilja reyna að skapa norrænt tengslanet um verkefni í löndunum sem tengjast siðferðislega réttum viðskiptum. Þetta er þrískipt verkefni þar sem Norræna ráðherranefndin fjármagnar fyrsta hlutann sem hluta af stefnu Ráðherranefndarinnar í samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja. Markmiðið er:

„Norræn umgjörð um viðskiptasiðferði (Nordic Ethical Trading Framework): Til að koma til móts við viðfangsefni norrænna fyrirtækja þegar kemur að því að viðhalda mann- og starfsréttindum og góðum umhverfisstöðlum í aðfangakeðjum þeirra, þar sem byggt er á þekkingu og reynslu danska og norska átaksins um viðskiptasiðferði, norrænni umgjörð um viðskiptasiðferði til að skiptast á þekkingu og upplýsingum á milli verkefna ólíkra hagsmunaaðila á Norðurlöndunum, og þar sem samræmt sameiginlegt átak verður sett í gang til að styrkja sérþekkingu og getu norrænna fyrirtækja til að hrinda í framkvæmd ábyrgum viðskiptaháttum.“

Þetta fellur vel að óskum nefndarinnar varðandi þetta mál og nefndin leggur því til við Norrænu ráðherranefndina að hún haldi þessu verkefni áfram. Hentugt gæti verið að hefja átak í formennskutið Dana árið 2015.

Nefndin er meðvituð um að þetta málefni kemur einnig við sögu á öðrum sviðum en vefnaðarvöruframleiðslu. Margir norrænir/vestrænir innflytjendur láta framleiða vörur sínar í láglöndunum. Hvers vegna á þá að beina sjónum sérstaklega að vefnaðariðnaðinum? Nefndin telur að byrja megi á vefnaðariðnaðinum og yfirfæra síðan fengna reynslu yfir á önnur fagsvið.

Nefndinni er kunnugt um samþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um barnavinnu (ILO nr. 138 og 182) sem kveða á um að börn undir 15 ára aldri eigi ekki að stunda vinnu.

Ennfremur er einnig nr. 29 og 105 um bann við nauðungar- og refsivinnu; nr. 100 og 111 um mismunun og nr. 87 og 98 (félagafrelsi og réttinn til að stofna félög) viðeigandi um þetta málefni.

Á alþjóðavísu er hreyfing í gangi til að tryggja lágmarkskröfur í vefnaðarvöruiðnaðinum í láglöndunum. Á Norðurlöndunum er nú þegar í gangi samstarf á milli ríkisstjórnanna, neytendasamtaka, fyrirtækja og verkálýðshreyfingarinnar. Það er mikilvægt að samhæfa þetta samstarf þannig að Norðurlönd geti sýnt samstöðu út á við og haft áhrif á fyrirtæki í stóru löndunum til þess að fylgja líka reglum Sp. Á þennan hátt má samræma samkeppnisaðstæður um leið og launa- og starfskjör eru bætt.

Á Norðurlöndunum er nefndinni kunnugt um þau verkefni sem eru í gangi hjá Norrænu ráðherranefndinni, bæði í umhverfismálum, en einnig í tengslum við stefnu forsætisráðherranna um grænan hagvöxt. Einkum er ráðgerð kortlagning jákvæð, en hún á að hafa upp á norrænum og alþjóðlegum verkefnum, sem geta stuðlað að sjálfbærri og hagkvæmri hringrás án hættulegra efna í vefnaðarvöru á Norðurlöndum, en þessu á að ljúka með norrænni framkvæmdaáætlun árið 2015.

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Norðurlandaráð
A 1613/medborger

Tilmæli 16/2014

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd
Fyrri málsnúmer:
Blaðsíða 5 af 8
Málsnúmer 13-00309-22

Fjallað um í:

Í þessari kortlagningu er sjónum beint sérstaklega að hlutum eins og hönnun fyrir aukna sjálfbærni í verðmætakeðjunni í vefnaðariðnaði, hegðun neytenda, ásamt umhverfismerkingum, upplýsingum og „að ýta við“, umhverfisskýrslum norrænna vefnaðarfyrirtækja, umhverfisstarfi, starfi að samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja og vinnuaðstæðum við framleiðslu vefnaðarvöru og í lokin innkaupastefnu við vörukaup hjá vefnaðarfyrirtækjunum.

Borgara- og neytendanefnd hlakkar til að fylgjast með þessu starfi í framhaldinu og vill gjarnan eiga virkt samstarf við ráðherranefndina.

4. Umsagnir

Samantekt innkominna umsagna varðandi A 1613/medborger

Tillagan hefur verið til umsagnar og eftirfarandi stofnanir hafa gert athugasemdir:

Finnland:

Finnska eftirlitsstofnunin Finnwatch, samtök finnskra fataframleiðenda (Finatex), atvinnu- og efnahagsmálaráðuneytið, utanríkisráðuneytið, heildarsamtök finnskra stéttarfélaga (FFC), miðstöð finnskra stéttarfélaga (SASK)

Noregur:

Norsku neytendasamtökin (Forbrukerrådet), átak um siðferðileg viðskipti (IEH - Initiativ for etisk handel), vinnuveitendasamband fyrirtækja í þjónustugeiranum (VIRKE), samtök almennra stéttarfélaga (YS - Yrkesorganisasjonenes sentralforbund), norska alþýðusambandið (LO - Landsorganisasjonen i Norge)

Svíþjóð:

Fair Trade Center (FTC), sænsku neytendasamtökin (Konsumentverket (KO)), samtök vefnaðarvöruinnflytjenda (Tekstilimportörerna)

Danmörk:

Clean Clothes Campaign, utanríkisráðuneytið, „Erhvervsstyrelsen“, danskt átak um siðferðileg viðskipti (Dansk initiativ for etisk handel (DIEH)).

Umsagnirnar fjalla um fyrri útgáfu skjalsins þar sem málsliðirnir hljóðuðu svona:

að leggja fram heildstæða skriflega skýrslu um hvað Norðurlöndin gera til þess að fataframleiðendur merkjavöru í láglaunalöndum bæti skilyrðin með tilliti til mann- og vinnuréttinda; þar með talið að ákveðin séu laun sem starfsmenn geta lifað af og að börn undir 14 ára aldri vinni ekki í verksmiðjum og að börn yfir 14 ára aldri hafi skikkanlegan vinnutíma

að vinna að því að frá árinu 2015 verði veittar upplýsingar á fatnaði norrænna merkjavöruframleiðenda um það hvort fatnaðurinn er framleiddur í samræmi við reglur SP um mannréttindi og viðskipti: *UN Guiding Principles for Business and Human Rights* og í samræmi við öryggissamninginn um eldvarnir og öryggi bygginga í Bangladess „*Accord on Fire and Building Safety in Bangladesh*“

Umsagnirnar sýna greinilega að málið er flókið og tillagan hefur því verið endurunnin til samræmis við umsagnirnar og aðrar viðeigandi upplýsingar.

Á það er bent að það eru ekki neytendur sem eiga að bera ábyrgðina á vinnuaðstæðum í vefnaðariðnaði, heldur hins vegar þeir sem panta vöruna, fyrirtækin/innflytjendur. Mikilvægt er að samþykkja skuldbindandi

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Norðurlandaráð
A 1613/medborger

Tilmæli 16/2014

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd
Fyrri málsnúmer:
Blaðsíða 6 af 8
Málsnúmer 13-00309-22

Fjallað um í:

reglur, löggjöf, og að þetta eigi ekki að vera á valdi hvers og eins. Menn eru ekki sammála um gagnsemi úttektar, en ef hún á að fara fram, þá væri gott að víkka hana, bæði með tilliti til starfsgreina og landa. Vörur eru fluttar inn frá láglöndum innan mjög margra starfsgreina, sem úttektin ætti einnig að ná til og það er ekki bara frá Bangladess, heldur líka frá Kína og Indlandi og meira að segja Evrópu. Til eru alþjóðlegar reglur um ábyrgar fjárfestingar (Principles for Responsible Investment) og þessar reglur hafa verið samþykktar af mörgum fjárfestum á Norðurlöndum, (Finnnska atvinnu- og efnahagsmálaráðuneytið), sem gerir norræna úttekt ónauðsynlega þar sem upplýsingarnar um þessar fjárfestingar eru opinberlega aðgengilegar.

Varðandi ákvörðun um laun, ríkir almennur samhugur um að ákvörðun um laun sé tekin í samningaviðræðum aðila. Hins vegar ber að leggja áherslu á að styrkja starfsgreinafélögin og réttinn til að stofna félög í láglöndum, svo þau geti bætt kjör félagsmanna sinna.

Til eru viðeigandi og mikilvægar samþykktir Alþjóða vinnumálastofnunarinnar, sem ættu að vera teknar með í textann, um félagafrlsi og um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (nr. 87 og 98), um bann við nauðungar- og skylduvinnu (nr. 29 og 105) um mismunun (nr. 100 og 111) og barnavinnu (nr. 138 og 182). Einnig er bent á að í heild ætti að reyna að stefna að 15 ára aldri sem lágmarksaldri fyrir börn í vinnu, einnig í samræmi við samþykkt Alþjóða vinnumálastofnunarinnar nr. 138.

Spurningin um vottunarkerki skiptir mönnum í tvo hópa. Afstaða flestra er neikvæð, en fáeinir styðja tillöguna. Spurningarnar eru, hverjir eiga að hafa eftirlit með því að viðmiðin séu haldin, hvernig greinir maður framleiðslukeðjuna, sem getur náð til margra landa og svæða, hvernig má tryggja að menn greiði ekki einfaldlega fyrir að fá vottunarkerkið í löndum þar sem ríkir mikil spilling og eins gæti þörfin á að merkja fatnaðinn talist til tæknilegrar viðskiptahindrunar.

5. Ályktun

Með hliðsjón af ofangreindu leggur borgara- og neytendanevnd til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að vinna skriflega heildarskýrslu um hvernig löndin beita sér fyrir því að norrænir vefnaðarvöruframleiðendur í láglöndum stuðli að bættum mannréttindum og réttindum starfsfólks;

að halda áfram að styðja að stofnað verði *Nordic Ethical Trading Framework* eins og *Dansk Initiativ for Etisk Handel* og *Initiativ for Etisk Handel Norge* leggja til;

ennfremur leggur Borgara- og neytendanevnd til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að þær beiti sér fyrir því að norræn vörumerki og fyrirtæki sem standa að framleiðslu í Bangladess undirriti samninginn „*Accord on Fire and Building Safety in Bangladesh*“ um öryggismál;

að þær minni norræna vefnaðarvöruframleiðendur á samþykktir Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar (ILO) nr. 138 og 182 um barnavinnu; nr. 29 og 105 um bann við nauðungar- og refsivinnu; nr. 100 og 111 um mismunun og nr. 87 og 98 um félagafrlsi og réttinn til að stofna félög og tryggja að samþykktirnar verði samþættar stefnu, gildismati og áætlunum fyrirtækjanna.

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanevnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanevnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanevnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Norðurlandaráð
A 1613/medborger

Tilmæli 16/2014

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanevnd
Fyrri málsnúmer:
Blaðsíða 7 af 8
Málsnúmer 13-00309-22

Fjallað um í:

Ósló, 3. júní 2014

Anita Brodén (FP)
Annicka Engblom (M) formaður
Brynjar Níelsson (Sj.)
Henrik Dam Kristensen (S)

Knut Storberget (A)
Morten Wold (FrP)
Satu Haapanen (gröna)
Tina Bru (H)

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanevnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanevnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanevnd

Málsnúmer 13-00309-22

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2014

Fyrri málsnúmer:
A 1613/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanevnd
Fyrri málsnúmer:
Blaðsíða 8 af 8
Málsnúmer 13-00309-22

Fjallað um í: